



Reykjavík, 22. júlí 2016

Ríkiskaup  
b.t. Guðrúnar Birnu Finnsdóttur og Katrínar Arnórsdóttur  
Borgartúni 7c  
105 Reykjavík

**Efni: Greinargerð Háskóla Íslands í tengslum við val á háskóla til að annast lögreglunám á háskólastigi, skv. 14. gr. og 40. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007.**

Vísað er til tölvubréfs, dags. 1. júlí 2016, frá Ríkiskaupum þar sem Háskóla Íslands er boðið að taka þátt í opnu ferli við val á háskóla til að annast nám í lögreglufræðum á háskólastigi. Meðfylgjandi er greinargerð Háskóla Íslands varðandi málið. Eins og fram kemur í greinargerðinni vill Háskóli Íslands taka að sér að yfirfæra lögreglunám á háskólastig í nánú samstarfi við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu (MSSL) og Keili. Háskóli Íslands gerir ráð fyrir að lögreglufræði verði námsleið í Lagadeild í samvinnu við margar aðrar deildir skólans og að hluta kenni á vettvangi Keilis á Ásbrú, einkum verklegi þátturinn. Miðað er við að nám í lögreglufræðum geti hafist í byrjun október 2016.

Háskóli Íslands fagnar því að fá tækifæri til að taka þátt í þessu opna ferli og kynna framtíðarsýn sína um nýtt lögreglunám á háskólastigi og þróun þess. Fjöldmennur hópur sérfræðinga hefur á skömmum tíma tekið saman ítarlega greinargerð um hvernig best er að koma lögreglunáminu fyrir innan Háskóla Íslands og hvernig þróa megi það áfram þannig að hér á landi verði boðið öflugt fræðilegt og verklegt háskólanám í lögreglufræðum eins og best gerist á Norðurlöndum.

Háskóli Íslands er alþjóðlega viðurkenndur háskóli með mikið og fjölbreytt námsframboð, þ. á m. í greinum sem nýtast vel í lögreglunámi á háskólastigi. Í fræðilegum námskeiðum í Háskóla Íslands er lögð áhersla á beitingu þekkingar til að leysa hagnýt verkefni. Aðstaða til verklegrar þjálfunar lögreglunema er til fyrirmyndar hjá Keili á Ásbrú.

Innan Háskóla Íslands er fyrir hendi mikil reynsla og þekking í tengslum við yfirfærslu náms á háskólastig. Það er skólanum kappsmál að vandað verði til verka við yfirfærslu lögreglunámsins. Tryggt verður að námið standist almennar gæðakröfur og að brautskráðir nemendur í lögreglufræðum búi yfir nægri fræðilegri þekkingu og hagnýtri færni til að takast á við flókin löggæsluverkefni samtímans.

Jafnframt því að hefja kennslu í lögreglufræði verður við Háskóla Íslands lögð áhersla á rannsóknir í greininni, þ.e. öflun og miðlun nýrrar þekkingar á sviði lögreglufræða. Þannig verður sköpuð rannsóknahéfið á þessu nýja fræðasviði innan skólans. Ný þekking mun einnig hafa áhrif á framþróun kennslu og náms í lögreglufræði og stuðla að þróun og nýsköpun á vettvangi lögreglustarfsins.

Háskóli Íslands sér mikla framtíðarmöguleika á áframhaldandi þróun lögreglunámsins í samvinnu við MSSL, Ríkislögreglustjóra og lögregluna í landinu, t.d. með því að þróa námið að fullu til BA gráðu að loknu þriggja ára háskólanámi eins og þekkist á Norðurlöndum. Stærð og fagleg breidd Háskóla Íslands gefur einstakt tækifæri til að þróa námið með þessum hætti, m.a. með sérhæfðum námslinum á 3. námsári eða jafnvel á meistaranámsstigi.

Háskóli Íslands telur brýnt að nám í lögreglufræðum á háskólastigi veiti jafnframt tækifæri til að auka menntun og færni starfandi lögreglumanna og fyrirhugað er að einstakir þættir námsins verði aðgengilegir þeim.

Óskað er eftir staðfestingu á móttöku greinargerðar Háskóla Íslands.

Virðingarfyllt,

Jón Atli Benediktsson rektor